



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um Úthlutunarreglur ÍSÍ vegna lottó Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir eftirfarandi breytingu á 3. grein í Úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó:

3. grein

Hluta sérsambanda verði skipt þannig:

27% í útbreiðslustyrk sem skiptist þannig:

- 50% jafnt,
- 10% miðað við iðkendur,
- 40% skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

73% sem hefðbundin lottóúthlutun sem skiptist þannig:

- 15% jafnt - óháð stærð þeirra,
- 85% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

Breytist í:

3. grein

Hluta sérsambanda verði skipt þannig:

~~27% í útbreiðslustyrk sem skiptist þannig:~~

- ~~50% jafnt,~~
- ~~10% miðað við iðkendur,~~
- ~~40% skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ.~~

~~73% sem hefðbundin lottóúthlutun sem skiptist þannig:~~

- 30% jafnt - óháð stærð þeirra,**
- 70% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.**

Greinargerð:

Í dag er lottógreiðslum til sérsambanda skipt í tvo hluta, þ.e. hefðbundin lottóúthlutun annars vegar og útbreiðslustyrkur hins vegar. Ekki eru gerðar skilgreindar kröfur til sérsambanda hvað varðar ráðstöfun þessara tekna en í báðum tilfellum er hægt að fullyrða að fjármagnið er notað til að efla starfsemi sérsambanda á sem víðtækastan hátt.

Ólík viðmið, eða mælikvarðar, eru notuð við útreikning þessara styrkja. Lengi hefur verið rætt um að einfalda regluverkið og efla gagnsæi styrkveitinga, auk þess að skilgreina betur mælikvarða í samvinnu við sérsambönd. Breytingar hafa verið gerðar í þá átt á síðustu árum, en nauðsynlegt er að samstaða gildi um þá mælikvarða og áherslur sem gilda um lottóúthlutun ÍSÍ til sérsambanda.

Lagt er til að sameina þessa tvo hluta í einn og hækka um leið jafnan hluta til sérsambanda í 30%, en samkvæmt útreikningum með mælikvörðum og forsendum síðustu tveggja ára, þá hefur sú breyting minnst áhrif gagnvart úthlutun til sérsambanda.

Jafnframt er lagt upp með að framkvæmdastjórn ÍSÍ vinni áfram að því að skilgreina mælikvarða á umfangi og stærð í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ og kynni fyrir Formannafund ÍSÍ 2025.